



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. ágúst 2019
Tilvísun: 2019080275/50.12

Efni: Viðaukar laga nr. 7/1998, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Vísað er til gagna á samráðsgátt vegna áforma um lagasetningu varðandi mögulegar breytingar á viðaukum laga nr. 7/10998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur kynnt sér gögn málsins og gerir eftirfarandi umsögn.

HER er sammála því úrlausnarefni sem boðað er að auka á skýrleika, meta hvort einhverja tiltekna starfsemi vanti í viðaukana og hvort einhverja starfsemi má fella brott. HER telur nauðsynlegt að breyta viðauka III á þann hátt sem lagt er til þ.e. að hann varði ekki upptalningu á starfsemi sem þarf starfsleyfi heldur sé listi yfir efnisákvæði sem varða ákveðin rekstarform sem boðuð eru í öðrum viðaukum laganna. Hins vegar þarf að vera alveg skýrt að þau efnisatriði varði fyrirtæki sem eru undir eftirliti viðkomandi eftirlitsaðila og að tekið sé fram að það varði hvort sem er starfsleyfisskylda starfsemi sem og mögulega skráningarskylda í framtíðinni. Því þarf að yfirfara löggjöfina m.t.t. þess og breyta greinum sem tiltaka hvaða eftirlitsstofnun er með fyrirtækið undir eftirliti. Það sem átt er við að umorða t.d. þar sem talað er um starfsleyfisútgefanda komi í staðinn þar sem við á "opinber eftirlitsaðili". Rétt er að taka fram að viðauki III sem í núgildandi löggjöf er Umhverfisstofnunar (UST) en varðar í raun nánast án undantekningar fyrirtæki Heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga (HES). Því væri önnur leið líka fær að breyta viðeigandi greinum í lögunum þannig að viðauki III væri HES að framfylgja með þeim undantekningum þar sem UST mögulega færi með eftirlitið. Lagt er til að 1. mgr. gr. 7. í lögunum breytist þannig að að UST gefi út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sbr. viðauka I-II, og viðauki III innihaldi efnisatriði sem varða eftirlitsskylda starfsemi eftir því sem við á sbr. viðauka I-II og IV-V.

Varðandi breytingar á viðaukum í þá átt að fella eitthvað út telur HER ekkert vera sem þar er ofaukið á þessu stigi. Hins vegar þarf að vera alveg skýrt að þar sem orðalagið "og önnur sambærileg starfsemi" gildi á þann hátt að viðkomandi starfsemi sem um væri að ræða væri annað hvort stafsleyfis-/eða skráningarskyld og þá um leið eftirlitsskyld.

Að lokum vill HER benda á að tækifæríð væri notað og viðaukar laga nr. 7/1998, reglugerðar nr. 550/2018 og boðaðrar reglugerðar um skráningarskylda starfsemi séu samlesnr og samræmdir eftir því sem við á.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfullst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigrúnardóttir
framkvæmdastjóri